



## Reglur um styrkveitingar til íþróttafélaga vegna sumaríþróttanámskeiða

### 1. Markmið

Markmið og tilgangur styrksins er:

- að aðstoða íþróttafélög að halda úti faglegum sumaríþróttanámskeiðum fyrir börn innan Akureyrarbæjar.
- að aðstoða félögin við að mæta kostnaði við umsjón og umsýslu sumaríþróttanámskeiðanna varðandi skipulag, framkvæmd og faglegt starf námskeiðanna.
- að gefa börnum innan Akureyrarbæjar kost á kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum og íþróttastarfsemi.
- að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku barna.
- auka virkni í frístundum barna og unglinga.

### 2. Styrkur – eingreiðsla

Reiknilíkanið sem deilir út fjármagninu um styrk skv. þessum reglum tekur tillit til þess hvað **a)** félagið er með námskeið margar vikur yfir sumarið (50%) og **b)** hvað námskeiðið er margir klukkutímar á viku (50%).

Sjá reiknilíkan í fylgiskjali 1.

Félög geta fengið að hámarki 1.000.000 kr. í styrk skv. þessum reglum.

Í fjárhagsáætlunarvinnu hvers árs gerir íþróttadeild ráð fyrir fjármagni til þessarar styrkveitingar. Komi til þess að ekki verði sett fjármag í styrki vegna sumaríþróttanámskeiða í fjárhagsáætlun íþróttadeildar verða ekki veittir styrkir skv. þessum reglum.

### 3. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Til að geta fengið styrk vegna sumaríþróttanámskeiða verða íþróttafélögin:

1. að vera aðildarfélag ÍBA
2. að vera Fyrirmyndarfélag ÍSÍ
3. að vera með aðsetur og lögheimili innan Akureyrarbæjar.
4. að reka íþróttastarfsemi í a.m.k. 3 mánuði á ári.
5. að bjóða uppá námskeið sem eru opin öllum börnum
6. að bjóða uppá að lágmarki námskeið í átta vikur yfir sumartímann.
7. að bjóða uppá námskeið sem standa yfir í að lágmarki 4 klukkutíma á dag (virka daga).

### 4. Verðlagning

Þau félög sem fá styrk skv. þessum reglum skulu leitast við að stilla verðlagi á sumaríþróttanámskeiðunum í hóf og veita Íþróttabandalagi Akureyrar og eða Íþróttadeild Akureyrarbæjar upplýsingar um gjaldskrár ef eftir því er óskað.



## 5. Aðrir styrkir vegna sumaríþróttanámskeiða

Íþróttafélögin geta fengið starfsmenn í formi styrks til starfa við sumaríþróttanámskeiðin. Íþróttafélögin geta óskað eftir starfsfólki í gegnum Vinnuskóla Akureyrarbæjar (14-17 ára). Þessir starfsmenn skulu sækja fræðslu á vegum vinnuskólans og félagið skal standa skil á vinnutímum þeirra til Akureyrarbæjar. Þá geta Íþróttafélögin einnig óskað eftir starfsfólki í gegnum sumaravinnuátak (18-25 ára) hjá Akureyrarbæ. Ungmenni Vinnuskólans og starfsmenn frá sumaravinnuátaki vinna innan dagvinnutíma. Kostnaður vegna vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma fellur á félögin.

## 6. Umsóknarferli og uppgjörsskýrsla

Sótt er um styrk vegna sumaríþróttanámskeiða í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar. Umsóknarfrestur er fram að 1.apríl ár hvert. Sjá efnisþætti umsóknareyðublaðs í fylgiskjali 2.

Íþróttafélögin sem hljóta styrk skv. þessum reglum skulu skila til íþróttadeildar uppgjöri og starfsskýrslu sumaríþróttanámskeiðanna í lok sumars og eigi síðar en 1. október ár hvert.

## 7. Undanþágur og vafaatriði

Forstöðumaður íþróttamála hefur umsjón með styrkveitingu skv. þessum reglum og veitir nánari upplýsingar þar um.

Fræðslu- og lýðheilsuráð hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum og sker úr um vafaatriði sem upp geta komið.

Brot félags á þessum reglum og skilyrðum getur leitt til endurskoðunar á styrkveitingu og/eða kröfu um endurgreiðslu á framlagi.

Samþykkt á fundi Fræðslu- og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar 8. Apríl 2024



## Fylgiskjal 1 - Tillaga að reiknilíkani með tilbúnu dæmi.

Reiknilíkan fyrir styrk vegna sumariþróttanámskeiða						
	Forsendur	Félag 1	Félag 2	Félag 3	Félag 4	Samtals
Fjármag í verkefnið í áætlun 2024	2.500.000					
Fjöldi vikna fyrir námskeið	50%	8	9	10	12	39
	1.250.000	21%	23%	26%	31%	100%
Samtals vegna fjölda vikna		256.410	288.462	320.513	384.615	1.250.000
Tímafjöldi námskeiðs á viku (klst)	50%	35	30	25	20	110
	1.250.000	32%	27%	23%	18%	100%
Samtals vegna tímafjölda		397.727	340.909	284.091	227.273	1.250.000
Samtals styrkur		654.138	629.371	604.604	611.888	2.500.000



Fylgiskjal 2 – Drög að umsóknareyðublaði/efnisþættir

<h2>Sumarnámskeið félaga</h2> <h3>Umsóknareyðublað 2024</h3> <p>vegna styrks frá Íþróttadeild Akureyrarbæ til sumariþróttanámskeiðshalds sbr. reglur Fræðslu- og lýðheilsuráðs um styrkveitingar til íþróttafélaga vegna sumariþróttanámskeiða, samþykktar 8.apríl 2024</p>					
Umsóknaraðili (íþróttafélag)	Deild/félag				
Er félagið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ?					
Ábyrgðarmaður umsóknar:	Kennitala				
Netfang	Farsími				
Heiti námskeiðs	Námskeiðsgjald	hver vika/hvert námsk.			
Fyrir hvaða aldurshóp eru námskeiðin					
Staðsetning námskeiðs					
Húsakostur og umhverfi (lýsing á aðbúnaði)					
Stutt lýsing á uppbyggingu og skipulagi námskeiðanna					
Fjöldi námskeiða yfir sumarið					
<input type="text"/>	3. - 7. júní	<input type="text"/>	1. - 5. júlí	<input type="text"/>	29. júlí - 2. ágúst
<input type="text"/>	10. -14. júní	<input type="text"/>	8. - 12. júlí	<input type="text"/>	6. - 9. ágúst
<input type="text"/>	18. - 21. júní	<input type="text"/>	15. - 19. júlí	<input type="text"/>	12. - 16. ágúst
<input type="text"/>	24. - 28. júní	<input type="text"/>	22. - 26. júlí	<input type="text"/>	19. - 23. ágúst
Fjöldi vikna _____		Fjöldi námskeiða _____			
Áætlaður fjöldi barna á hverju námskeiði í					
Júní	<input type="text"/>	Júlí	<input type="text"/>	Ágúst	<input type="text"/>
Áætlaður fjöldi starfsmanna/þjálfara (fyrir utan umsjónarmann/menn) á námskeiðum í					
Júní	<input type="text"/>	Júlí	<input type="text"/>	Ágúst	<input type="text"/>
Kostnaður					
Hver er áætlaður heildarkostnaður félagsins við námskeiðshald sumarsins?					
Hverjar eru áætlaðar tekjur félagsins af námskeiðshaldi sumarsins?					
Hvað er óskað eftir miklum styrk frá íþróttadeild vegna sumarnámskeiðanna?					
<b>MEÐ UMSÓKNINI SKAL FYLGJA MEÐ KOSTNAÐARÁÆTLUN VERKEFNISINS</b>					



MEÐ UMSÓKNINI SKAL FYLGJA MEÐ KOSTNAÐARÁÆTLUN VERKEFNISINS		
Umsjónarmaður námskeiðs		Kennitala
Netfang	Farsími	
Umsjónarmaður námskeiðs		Kennitala
Netfang	Farsími	
Hvað er óskað eftir mörgum ungmennum, að lágmarki til starfa á námskeiðunum í gegnum Vinnuskóla Akureyrarbæjar?		
Júni	<input type="text"/>	Júlí <input type="text"/> Ágúst <input type="text"/>
Óskað er eftir að fá eftirfarandi starfsmenn í gegnum sumarvinnuátak Akureyrarbæjar til að starfa á námskeiðum.		
Leiðbeinendur, 18-25 ára		
Nafn		Kennitala
Aðrir styrkir (gerið grein fyrir um hvaða styrki er að ræða)		
Rökstuðningur fyrir umsókn		
Annað sem vert er að taka fram til upplýsinga varðandi umsóknina/námskeiðin		
Dagsetning		Undirskrift ábyrgðarmanns umsóknar
<b>Íþróttadeild áskilur sér rétt til þess að óska eftir nánari gögnum.</b>		
Umsóknarfrestur er til og með 26.apríl 2024.		
Styrkúthlutun verður tilkynnt í síðasta lagi föstudaginn 3. maí 2024.		



### Fylgiskjal 3 – Efnispættir uppgjörsskýrslu

Í uppgjör – og starfsskýrslu sem skilað er til íþróttadeildar í lok sumars skal tilgreina

- a) Fjölda námskeiða
- b) Fjölda iðkenda á hverju námskeiði, flokkað eftir aldri og kyni
- c) Fjölda starfsmanna á hverju námskeiði
- d) Þátttökukostnað iðkenda á hvert námskeið
- e) Hvernig styrkframlag Akureyrarbæjar var notað
- f) Hvort, og þá hver voru frávikin á starfseminni miðað við það sem kom fram í umsókninni um vorið.
- g) Hvað tókst vel til og hvað má gera betur
- h) Annað og fleira sem telst upplýsandi um starfsemi sumaríþróttanámskeiðanna.